

## Höskuldur Helgason, bifreiðastjóri

Afhending 2011/64

Höskuldur Helgason fæddist á Akureyri 1. mars 1912 og lést 19. október 1980. Höskuldur bjó á Akureyri og stærstan hluta af sinni starfsævi vann hann sem leigubílstjóri.

Á árunum 1962 til 1968 rak Höskuldur bílasölu á Akureyri sem gekk undir nafninu Bílasala Höskuldar. Árið 1953 keypti hann, ásamt fleirum, Bifreiðastöð Oddeyrar á Akureyri.

Höskuldur var einn af stofnendum Bílstjórafélags Akureyrar sem var stofnað árið 1935. Hann sat lengi í stjórn félagsins og tók þátt í vinnudeilum og samningagerðum um kaup og kjör bílstjóra.

Höskuldur bauð sig fram til bæjarstjórnar fyrir Alþýðuflokkinn en seinna bauð hann sig aftur fram þá undir merkjum Sjálfstæðisflokksins.

Höskuldur kvæntist fyrst Svöfu Einarsdóttur frá Víðivöllum í Fljótsdal S-Múlas., fæddri 20. janúar 1911, en hún lést 18. mars 1937. Seinni kona Höskuldar var Soffía Gunnlaugsdóttir en hún fæddist 13. júní 1919 og var frá Stærra-Árskógi í Eyjafjarðarsýslu. Soffía lést 8. ágúst 2009.

Afhendingin kom frá Amtsbókasafninu á Akureyri. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

21. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Höskuldur Helgason (1912-1980), bifreiðastjóri</b>			<b>2011 / 64</b>
<b>A-Höskuldur Helgason</b>			
<b>A-Höskuldur Helgason</b>			<b>1944 - 1944</b>
2011 - A/1	1	1944- 1944 Bifreiðabók, ökukennsla	Er í afhendingabók með í afhendingu 2011/64 19x12,5 cm